



Kæru foreldrar/forráðamenn

Nú er farið að líða á vorönnina og margir komnir í sumarskap :)

Það sem hefur á daga okkar drifið síðan í febrúar er að unglingarnir í Félagsmálafræði í Brekkuskóla og Naustaskóla fóru í valferð í febrúar. Leiðin lá á Hólvatn og var gíst yfir nótt. Megintilgangurinn með ferðum sem þessari er að unglingarnir kynnist milli skóla og hafi gaman saman. Stefnt er á að unglingarnir í Félagsmálafræði í Lundarskóla og Oddeyrarskóla fari 25. apríl.

Spurningakeppni félagsmiðstöðva á Akureyri var haldin 2. apríl í Giljaskóla. Þetta var mjög spennandi og skemmtileg keppni og voru áhorfendur í miklu stuði og hvöttu sína félagsmiðstöð af krafti - enda til mikils að vinna! Veitt voru verðlaun fyrir “Besta stuðningsliðið” og hreppi félagsmiðstöðin okkar - Trója - bikar fyrir frábæran stuðning við sitt lið. Trója lét sér ekki nægja að vinna einungis stuðningsbikarinn heldur sigruðu keppnina einnig! Þeir sem kepptu fyrir hönd Tróju voru Gunnar Ingi Sverrisson, Hallgrímur Hrafn Guðnason og Jóhannes Stefánsson. Virkilega vel gert hjá þessum flottu unglingum!

Nú styttist í páskafrí og verður lokað hjá félagsmiðstöðvunum 16.-21. apríl. Þriðjudaginn 22. apríl er opnun í Naustaskóla frá 19:30-21:30. Miðvikudaginn 23. apríl verður einnig lokað vegna starfsmannaferðar.

Við viljum minna á miðstigsopnanirnar hjá okkur en þær eru fyrsta miðvikudag í mánuði í Tróju (Rósenborg) frá kl. 14:30-16:00 og annan miðvikudag í Naustaskóla á sama tíma. Einnig er opnun fyrir 7. bekk alla fimmtudaga frá 14:30-16:00.

Varðandi starfsmannamál að þá hafa verið smá breytingar hjá okkur. Óðinn fór í fæðingaorlof í mars og verður því ekki meira með okkur. Daði Kjartansson kom í hans stöðu. Einnig byrjuðu Ester Ósk Árnadóttir og Darri Rafn Hólmarsson hjá okkur í mars. Glæsilegur hópur hér á ferð!

Bestu kveðjur,

Anna Guðlaug: annagudlaug@akureyri.is
Gunnlaugur Víðir: gunnlaugur@akureyri.is
Katrín Ósk: katrinosk@akureyri.is
Daði: dadikjartansson@gmail.com

Skrifstofusími: 460-1239